



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 27. febrúar 2024 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson og Ólafur Þór Ólafsson starfandi sveitarstjóri.

Arnór Tumi Finnsson, verkefnastjóri fjármála, sat fundinn undir 1. dagskrárlið um rekstraryfirlit.

Oddviti stjórnaði fundi og starfandi sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bar upp tillögu um að bæta við dagskrá fundarins undir önnur mál, umfjöllun um ráðgjöf Concello um váttryggingar sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir tillögu með 5 samhljóða atkvæðum.

### Dagskrá:

#### 1. Rekstraryfirlit janúar-desember 2023 og framkvæmdayfirlit.

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir janúar-desember 2023 og framkvæmdayfirlit sem verkefnastjóri fjármála og starfandi sveitarstjóri fóru yfir og útskýrðu. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

#### 2. Skýrsla sveitarstjóra

Starfandi sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

#### 3. Starfsánægjukönnun – niðurstaða

Kynnt var niðurstaða starfsánægjukönnunar sveitarfélagsins, sem stóð yfir frá 10. janúar til 24. janúar 2024 og gerð var af K ráðgjöf og þjónustu. Niðurstaða var ánægjuleg í alla staði og góð þátttaka.

#### 4. Velferðarstefna sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lágu drög að velferðarstefnu fyrir sveitarfélagið ásamt viðaukum. Eftir fyrri umfjöllun sveitarstjórnar hefur stefnan verið borin undir aðra stjórnendur sveitarfélagsins sem ekki hafa gert athugasemdir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum, fyrirliggjandi drög að velferðarstefnu sveitarfélagsins.



## 5. Vinnuskóli – skipulag

Tekið til umræðu skipulag vinnuskólans 2024 í framhaldi af síðasta fundi sveitarstjórnar þar sem ákveðið var að auglýsa eftir flokksstjórum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að gera ráð fyrir að vinnuskólinn verði starfandi frá 18. júní til 18. júlí. Jafnframt verði boðið upp á sumarvinnu fyrir fólk á framhaldsskólaaldri á sama tímabili.

Aðkoma Félags- og skólaþjónustu A- Hún. vegna barna og unglinga með stuðningsþarfir er til skoðunar.

## 6. Trúnaðarmál – starfsmannamál

Afgreiðsla sveitarstjórnar var bókuð í trúnaðarbók.

## 7. Fuglaskoðunarhúsið – nafnasamkeppni

Snemma s.l. haust var hafist handa við að smíða fuglaskoðunarhúsið á Spákonufellshöfða. Húsið er hannað af Auði Hreiðarsdóttur arkitekt hjá ESJA Architecture. Heimamennirnir Ragnar Már Björnsson og Gísli Reynisson sem reka smíðaverkstæðið Verk lausn sáu um framkvæmdina með liðsinni frá ESJA Architecture og Stoð verkfræðistofu á Sauðárkróki. Fuglaskoðunarhúsið er liður í spennandi uppbyggingu á því dásamlega útivistarsvæði sem Spákonufellshöfði er. Höfðinn er friðlýstur fólkvangur.

Aðkoma og aðgengi á höfðanum hefur verið bætt sem liður í framangreindri uppbyggingu. Búið er að malbika nýtt bílastæði og setja upp vegvísa.

Sveitarfélagið stóð straum af kostnaði við verkefnið með stuðningi úr Framkvæmdarsjóði ferðamannastaða en alls hefur Framkvæmdarsjóður veitt sveitarfélaginu styrk til uppbyggingar á Spákonufellshöfða sem nemur 26,6 m.kr.

Í tilefni þess að fuglaskoðunarhúsið á Spákonufellshöfða var fullbúið, efndi sveitarfélagið til nafnasamkeppni meðal áhugasamra. 48 nafnatillögur bárust og hefur sveitarstjórn nú tekið ákvörðun um nafngiftina sem verður birt við formlega opnun hússins í vor.



## 8. Úthlutun til SSNV vegna standsetningar og markaðssetningar atvinnuhúsnæðis að Oddagötu 12 Skagaströnd

15 febrúar s.l. var birt á vef Innviðaráðuneytisins úthlutun styrks til tíu verkefna á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Styrkjunum er ætlað að efla byggðir landsins og er úthlutað til sértækra verkefna á sóknaráætlanasvæðum í samræmi við stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 (aðgerð C.1). Alls bárust 18 umsóknir um styrki að fjárhæð rúmar 371 m.kr. fyrir árið 2024.

Eitt þeirra verkefna sem fengu úthlutun í gegnum SSVN tengist Oddagötu 12.

"Skapa á samvinnurými á Skagaströnd með því að standsetja og markaðssetja húsnæði í eigu sveitarfélagsins, skapa forsendur fyrir léttan iðnað í hluta hússins og aðstöðu fyrir frumkvöðla og minni fyrirtæki í öðrum hluta þess. Húsið var áður fiskvinnsluhús.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hljóta styrk að upphæð kr. 15.000.000."

Byggðastofnun kemur til með að gera samning við SSNV, sem síðan gerir samning við sveitarfélagið um ráðstöfun styrksins og greiðslu hans eftir framvindu.

Miðað er við að sveitarfélagið leggi til 20% og að styrkurinn sé 80% hluti kostnaðar.

Framlag sveitarfélagsins yrði því 3.750.000.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að gera breytingu á fjárhagsáætlun 2024 með viðauka er tengist þessari úthlutun.

## 9. Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra - Aðgerðastjórn almannavarna í héraði

Tekið fyrir bréf Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra dagsett 20. febrúar 2024 vegna húsnæðismálefna aðgerðarstjórnar almannavarna í héraði í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra. Lausn á varanlegu húsnæði fyrir aðgerðastjórn almannavarna er ekki í sjónmáli en möguleiki er að leigja til bráðabirgða hluta húsnæðis björgunarsveitarinnar Skagfirðingasveitar í Skagafirði.

Sveitarstjórn telur rétt að skoðaður sé sá möguleiki að nýta húsnæði Björgunarfélagsins Blöndu á Blönduósi sem uppfyllir öll skilyrði fyrir umrædda starfsemi. Aðstaðan er miðsvæðis og á staðnum er lögreglustöð.

## 10. Dreifnám – erindisbréf starfshóps – skipun fulltrúa

Tekið fyrir erindi frá Félags- og skólaþjónustu A. Hún og Fjölskyldusviði Húnaþings vestra dagsett 23. febrúar 2024 þar sem fram kemur tillaga að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun á dreifnámi á Hvammstanga og Blönduósi. Lagt er til að hópurnir verði skipaður



fulltrúa Húnaþings vestra, Húnabyggðar, Skagastrandar og Skagabyggðar, Fræðslustjóra A-Hún, sviðsstjóra fjölskyldusviðs Húnaþings vestra og skólameistara/aðstoðarskólameistara Fjölbautaskóla Norðurlands vestra.

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili tillögum og samantekt 1. júní 2024 til sveitarstjórna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum drög að erindisbréfi og samþykkir jafnframt að tilnefna Halldór G. Ólafsson sem fulltrúa sveitarfélagsins Skagastrandar í starfshópinn.

#### **11. Listaverk á Norðurstrandarleið**

Tekið til umfjöllunar erindi frá Markaðsstofu Norðurlands ásamt Ferðamálasamtökum Norðurlands vestra, dagsett 10. janúar 2024, í tengslum styrk úr Uppbyggingarsjóði SSNV fyrir því að setja upp listaverk á Norðurstrandarleið, í samstarfi við hóp listafólks frá Úkraínu sem er búsett hér á landi. Hópurinn hefur unnið verk annars staðar á landinu.

Hugmyndin með þessu verkefni er að nýta sagnaarf svæðisins til að glæða Norðurstrandarleiðina enn frekara lífi og koma henni betur á framfæri, auk þess að hvetja ferðamenn til að staldra lengur við á leiðinni. Áherslan á þessu svæði á Norðurstrandarleiðinni er Íslendingasagnir og goðafræði. Aðkoma sveitarfélagsins yrði samvinna um í hvaða sagnabrunn yrði sótt, svo og að heimila hentuga staðsetningu fyrir listaverkið.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og hlakkar til samstarfsins.

#### **12. Norðurá – móttaka úrgangs úr olfuskiljum**

Lagt fram til kynningar bréf frá formanni stjórnar Norðurár bs dagsett 22. janúar 2024 þar sem upplýst er að í kjölfar athugasemda Umhverfisstofnunar verður hvorki tekið á móti úrgangi úr olfuskiljum eða olíusmituðum jarðvegi á urðunarstaðnum Stekkjarvík.

#### **13. Óbyggðanefnd - Kröfugerð íslenska ríkisins um þjóðlendur – eyjar og sker**

Óbyggðanefnd upplýsti með pósti 12. febrúar 2024 í upplýsingaskyni að Fjármála- og efnahagsráðherra hafi fyrir hönd íslenska ríkisins afhent óbyggðanefnd kröfur um þjóðlendur á svæði 12 sem nefnist „eyjar og sker“ og tekur til landsvæða innan landhelginnar en utan meginlandsins. Um er að ræða sautjándra og síðasta svæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar. Óbyggðanefnd kallar nú eftir kröfum þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta. Kröfum skal lýst skriflega í síðasta lagi 15. maí 2024.



Að lokinni gagnaöflun og rannsókn á eignarréttarlegri stöðu svæðanna úrskurðar óbyggðanefnd um framkomnar kröfur.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að senda inn kröfur vegna hagsmuna sveitarfélagsins.

#### **14. Hagkvæmni uppsetningar varmadælukerfis til hitunar á rafkynntu húsnæði**

Lögð fram fyrirspurn frá oddvita Skagabyggðar dagsett 12. febrúar 2024, um áhuga Sveitarfélagsins Skagastrandar á þátttöku með Skagabyggð í að kanna hagkvæmni uppsetningar varmadælukerfis til hitunar á rafkynntu íbúðarhúsnæði í sveitarfélögunum í Austur Húnavatnssýslu. Um er að ræða staðföng, þar sem íbúar hafa ekki kost á tengingu við hitaveitu.

Sveitarstjórn samþykkir að taka hlutfallslega þátt í fyrsta fasa verkefnisins, sé áhugi fyrir því hjá þeim íbúum sveitarfélagsins sem falla undir framangreinda skilgreiningu.

#### **15. Fundargerðir:**

##### **1. Fundargerð tólmstunda- og menningarnefndar 15. febrúar 2024**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

##### **2. Stjórn SSNV nr. 103 frá 6. febrúar 2024**

Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra nr. 103 lögð fram til kynningar.

##### **3. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 942 – 943**

**fyrir tímabilið 26. janúar 2024 til 9. febrúar 2024**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 942 til 943

#### **16. Önnur mál:**

##### **1. Útboð á tryggingum sveitarfélagsins.**

Fyrir sveitarstjórn liggja drög að samningi við Consello um ráðgjöf og umsjón með útboði á váttryggingum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum fyrirbyggjandi samning.



Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.12:25

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Ólafur Þór Ólafsson